

Vesturbæjarblaðið



Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚLÍ 2018

7. tbl. 21. árg.



Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos **1.000 KR.**

MIDSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Elínu Mjöll Jónasdóttur

- bls. 8
Viðtal við
Gísli Marteinn

KAFFITORG Á MELHAGANUM



Parklettið á Hagamelnum. Hönnuðirnir þrír eru fremst á myndinni. Fores Axel Böðvarsson Terry og Samúel Aron Laufdal Guðlaugsson nemendur við Listaháskóla Íslands og Styrnir Níelsson nemandi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.
Mynd: Gísli Marteinn.

Komið hefur verið fyrir litlu torgi fyrir framan Kaffi Vest á horni Melhaga og Hofsvallagötu. Torgið er hluti verkefnis sem unnið hefur verið að á vegum Reykjavíkurborgar á undanförunum árum og nefnist “Torg í biðstöðu”. Torgið við Melhagan nær yfir tvö bílastæði sem ekki nýtast vegna þess hversu nálægt þau eru Hofsvallagötunni en í umferðarlögum er kveðið á um að ekki megi leggja bílum innan fimm metra frá gatnamótum.

Gísli Marteinn Baldursson segir að komið hafi verið að máli við Kaffihús Vesturbæjar af hálfu borgarinnar til að kanna hvort áhugi væri fyrir að koma upp litlu torgi eða “Parklett” eins og þetta kallast á

ensku fyrir framan kaffihúsið. Gísli Marteinn segir að tekið hafi verið vel í erindi borgarinnar og í framhaldinu fengnir þrír ungir einstaklingar tveir sem stunda nám í hönnun við Listaháskóla Íslands og einn sem stundar nám við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri til þess að hanna torgið. “Þeir lögðu metnað sinn í þetta,” segir Gísli Marteinn og bætir við að þá fáu sólardaga sem komið hafi í sumar hafi torgið verið fullt af fólki. Verkefnið er hluti af Torg í biðstöðu sem einkum er hugsað til þess að glæða almenningsrými lífi og þarf ekki annað en að líta við á Melhaganum á góðviðrisdegi til að sjá árangur af því starfi.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Driscoll's berjatilboð

Melabúðin
Þín verslun



Hagamel 39 - Sími 551-0224

Lambalæri og hryggir á tilboði!

- helgartilboð úr kjötborðinu

Gildir frá 26. til 29. júlí

Nýuppteknar íslenskar kartöflur og aðalbláber

Opið til kl. 20.00 öll kvöld og opnum kl. 10.00 á sunnudögum

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
7. tbl. 21. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Búsetuvænn Vesturbær

Vesturbærinn verður búsetuvænni með hverju ári. Tekist hefur að draga úr umferðarhraða með framkvæmdum á gatnakerfinu. Má nefna Birkimel og Hofsvallagötu og sem dæmi um vel heppnaðar framkvæmdir þótt nokkur skoðanaskipti hafi orðið um þær í upphafi. Framkvæmdum við Hofsvallagötu er þó ekki lokið og nauðsynlegt að þrengja hana og takmarka umferðarhraða allt niður að Ægisíðu. Þá ber nauðsyn til þess að gera umbætur við Hagatorg til þess að það geti nýst til mannaferða og útivistar.

Þótt Vesturbærinn vestan Hringbrautar einkennist tæpast af þéttri byggð þá er íbúafjöldi á fermetra meiri en í flestum byggðum borgarinnar. Það sýnir hversu vel tókst til þegar hverfið var skipulagt.

Bílaöldin hélt innreið sína um og upp úr 1960 þegar ströngum gjaldeyrishöftum var aflétt. Þá fóru að flytjast hingað til lands auk amerískra glæsivagna. Cortinur, Sunbimar og fleiri tegundir frá Bretlandi, Opelar frá Þýskalandi, Skodar frá Tékkalandi og síðast en ekki síst Moskvitchar og síðar Lödur frá Rússlandi sem komu hingað í vöruskiptum. Bílar urðu allt í einu almenningseign og tóku að skipta sköpum í samgöngum innan borgar sem utan.

Borgarbíur tóku bílnum með slíkum fögnuði að almenningssamgöngur náðu ekki að komst á strik sem fýsilegur valkostur og litið var niður á fólk sem ferðaðist í strætið.

Nú er bílamergöin að verða vandamál sökum plássleysis en einnig mengunar sem mikil umferð veldur. Nýjar hugmyndir eru einnig að ryðja sér til rúms um samgöngumál sem byggja á öðrum ferðamátum en einkabílum.

Vesturbæingar virðast taka þessum hugmyndum af meiri fögnuði en margir aðrir og kjósa að nýta sér þær. Ákveðin kynslóðaskipti eru að verða í Vesturbænum þar sem ungt fólk kys að setjast að. Yngri kynslóðin kys að horfa til fleiri kosta en einkabílsins þegar fara þarf á milli staða. Það gerir Vesturbæinn búsetuvænni ásamt öðru.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á Facebook

Rammaskipulag Skerjafjarðar samþykkt



Verðlaunatilaga af nýrri byggð í Skerjafirði.

Borgarráð hefur samþykkt rammaskipulag fyrir byggð í Nýja Skerjafirði. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir byggð fyrir um 1.200 íbúðir, nýjum skóla, verslun og þjónustu. Rammaskipulagið tekur til landsvæðis sem er við enda litlu flugbrautarinnar svokölluðu sem hefur verið lokað. Svæðið liggur að núverandi byggð í Skerjafirði og afmarkast af götunni Skeljanesi til vesturs en af öryggissvæði Reykjavíkurflugvallar til norðurs og austurs. Við suðurenda byggðarinnar er síðan strandlengja Skerjafjarðar.

Í rammaskipulaginu er gert ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og ríkulegum, grænum almenningsrýmum sem hönnuð verða út frá sólaráttum og

skjóli. Hugað verður að félagslegri blöndun á svæðinu og hafa stúdentar og Bjarg, byggingafélag verkalyðshreyfingarinnar þegar fengið vilyrði fyrir lóðum í hinni nýju byggð. Vanda á hönnun og gerð götugatna, lýsingar, gróðurs og yfirborðsefna. Gert er ráð fyrir leik- og dvalarsvæðum í inngörðum en þéttleiki byggðar verður nokkuð mikill á svæðinu og er því talið mikilvægt að almenningsrýmin séu vel hönnuð og góð. Fjöldmörg torg og áningarstæði verða á svæðinu. Gert er ráð fyrir að flugsögunnar verði minnst á svæðinu m.a. með svokölluðu „flugtorgi“. Þá verður aðstaða fyrir ýmis konar sportbáta og seglskútur og byggja á góða aðstöðu fyrir siglingaþróttina á austurhluta strandarinnar.

Eigendur Mariott hótels vilja bankann upp

Samkvæmt heimildum Vesturbæjarblaðsins hafa eigendur Mariott hótelsins sem er í byggingu vestur af Hörpu gert þá kröfu til Landsbankans að fyrirhuguð bygging höfuðstöðva hans sem rísa á vestan við hótélbygginguna verði alla vega orðin fokheld þegar starfsemi hótelsins fer af stað.

Eigendur hótelsins munu telja með öllu óraunhæft að markaðssetja fimm stjörnu lúxushótel á stað þar sem opin grunnur stendur við hlið þess og bíður eftir því að byggingaframkvæmdir hefjist. Að öllum líkum mun þetta þrýsta á bankann að hefja framkvæmdir.



Með þeim yrði lokakaflanum í mikilli uppbyggingu á miðbæjar- og hafnarsvæðinu lokið og glæsilegur miðbæjarhluti leysa óhrjálegt svæði af hólmi.

Séð í átt að Hörpu. Vestan hennar er bygging Mariott hótelsins að rísa en vestan hennar eiga fyrirhugaðar höfuðstöðvar Landsbankans að vera.

Miðeyja á Hofsvallagötu



Þessari miðeyju hefur verið komið fyrir á Hofsvallagötu við gatnamótin við Hagamel. Miðeyjunni er ætlað að draga úr hraðakstri á Hofsvallagötunni en mikið er um að ökumenn auki hraða bifreiða snögglega eftir að þeim hluta götunnar sem þrengdur hefur verið sleppir.

Vesturbæingar



Nú fer maður út á Eiðsgranda til að skoða hvali!



Saman mótum við bankapjónustu fram tíðarinnar



Útibú okkar í Vesturbæ verður lokað tímabundið frá 25. júní á meðan við gerum breytingar til framtíðar. Við opnum aftur í haust.

Á meðan bendum við þér á útibúið í Borgartúni 18.

arionbanki.is

Var heppin að starfa með frumkvöðlunum

Elín Mjöll Jónasdóttir á einn lengsta starfsaldur leikskólakennara og leikskólastjóra að baki. Hún lætur af störfum á komandi hausti. Segir tímabært að snúa sér að öðrum viðfangsefnum. Elín Mjöll hefur búið í Vesturbænum nær allan sinn aldur á Hagamelnum eða frá tveggja ára aldri. Faðir hennar var Jónas “Skjöldur” Jónasson lögregluvarðstjóri og móðir hennar Sigríður Jóhannesdóttir húsmóðir. Eldri bróðir hennar Jóhannes Jónasson lögreglumaður varð þjóðþekktur á sínum tíma fyrir einstaka frammistöðu í spurningabáttum í Ríkissjónvarpinu enda með afbrigðum minnugur. Vesturbæjarblaðið hitti Elínu Mjöll á Kaffihúsinu Júlíu og Júlíu í Safnahúsinu við Hverfisgötu fyrir skömmu og spjallaði við hana um Vesturbæinn og leikskólamálin.

“Foreldrar mínir bjuggu á Brekkustígnum en fluttu á Miklubraut þegar ég var tveggja ára. Þau byggðu á Hagamelnum árið 1956 og ég er búin að vera þar síðan og tel mig því nánast innfæddan Vesturbæing. Hagamelurinn var byggður í tveimur áföngum. Efri hlutinn fyrir ofan Furumelinn er eldri. Var byggður á síðari hluta fimmta áratugarins og síðar risu nokkur hús nær Hofsvallagötunni. Sagan segir að ekki hafi verið hægt að byggja hraðar vegna þess að lagnirnar í Suðurgötunni hafi ekki tekið við frárennsli frá fleiri húsum og borgin ekki haft getu til að endurnýja þær þótt þörfin fyrir húsnæði í vaxandi borg hafi verið fyrir hendi. Þetta var á þeim tíma þegar menn byggðu húsín sín sjálfir en borgin fylgdi byggðinni ekki eftir með öðrum framkvæmdum. Ég var til dæmis orðin átta ára þegar Hagamelurinn var malbikaður. Ég man vel eftir því. Öll gatan var grafin í sundur. Lagnir settar niður og malbikað yfir.”

Óþrjótandi leiksvæði

Elín Mjöll segir leiksvæðin í Vesturbænum hafi verið óþrjótandi á þessum tíma. “Leiksvæðið var stórt og við gátum farið víða. Við krakkarnir á Melunum fórum oft upp á Hringbrautarróló. Þá var hægt að ganga yfir Hringbrautina nokkuð sem ekki er hægt í dag nema á merktum og helst ljósastýrðum gangbrautum. Við fórum líka niður í fjöru og horfðum svona úr fjarlægð á gömlu Öskuhaugana sem voru vestur á Eiðisgranda. Stundum var farið yfir í Öskjuhlöðina. Þar var gamall flugvélaraskrokkur sem við sóttum í. Þetta var óvenjulegt umhverfi og þar gat verið gaman að leika sér en okkur fannst langt að labba alla leið þangað. Við vorum þrjár sem smelltum okkur því eitt sinn yfir flugbrautina til að stytta okkur leið. Þá kom bíll á hraðri ferð og við vorum færðar upp í flugturn, látar horfa á flugvél lenda og síðan sendar heim. En ég man vel að við horfðum vel og lengi upp í loftið til að vera vissar um að engin flugvél væri að koma. En auðvitað mátti ekki labba á flugbrautunum.”

Lékum okkur í lyftunni í Bændahöllinni

“Stóru framkvæmdasvæðin á Högunum freistuðu okkar því miklar framkvæmdir voru út um allt. Verið var að byggja Vesturbæjarlaugina, Bændahöllina og Háskólabíó. Allt voru þetta mannvirki af stærð sem ekki höfðu sést í Vesturbænum og varla í Reykjavík. Við vorum mikið á byggingasvæðunum. Það var ekki eins mikið eftirlit og í dag. Við vorum fyrstu krakkarnir til að leika okkur í grunninum í Vesturæjarlauginni löngu áður en vatn kom í hann. Og lyftan í Bændahöllinni var eitthvað sem við höfðum aldrei séð. Það var mikið sport að fara þangað og fara upp og niður í lyftunni. Og við gerðum allt vitlaust. Það passaði ekki fyrir hótelfarfseminu í húsinu að lyftan væri full af krökkum að leika sér. Á þessum tíma máttu krakkar ekki vera á sundlaugartúninu – nokkuð sem ég hef aldrei skilið en nú er gaman að vita að þetta er opið leiksvæði. Melavöllurinn var þar sem Þjóðarbókhlaða er í dag og við fórum líka oft á skauta niður á Tjörn. Trípolíbíó var á hæðinni þar sem Trípólikampurinn var vestan Hringbrautarinnar. Við fórum líka niður í kamp sem var gamalt braggahverfi frá hersetuárnum. Við vorum dálítið smeyk að fara þangað. Kannski vegna ókunnugleika og svo var margt talað um þetta hverfi. En þar mátti finna alla breiddina í mannfélaginu – allar manngerðir og aðstæður.”

Rússneski bílinn

“Krakkarnir þurftu ekki að hafa miklar áhyggjur af umferð á þessum árum. Fáir bílar voru á ferðinni. Fólk átti almennt ekki bíla. Ég man að pabbi keypti fyrsta bílinn 1959. Það var rússneskur Moskovits. Hann kom í kassa. Við fórum niður að höfn til þess að fylgjast með þegar bílunum var skipað upp. Síðan fjölgaði bílum upp úr 1960. Þá hófst bílaöldin í Reykjavík. Við höfðum verið vön að vera í brennibolta á götunum en urðum að venja okkur við að færa okkur þegar bíll kom akandi.”

Vorið vaknaði með börnunum

Elín Mjöll segir Vesturbæinn



Elín Mjöll Jónasdóttir leikskólastjóri.

talsvert breyttan frá því sem var og gaman hafi verið að fylgjast með breytingunum, framförunum og einnig þeim mörgu börnum sem hafa alist upp þar. “Þegar ég var að alast sagði pabbi oft að vorið vaknaði þegar krakkarnir komu út á göturnar og leiksvæðin. Skólinn búinn og við tók langt sumarfrí. Þetta hefur tekið breytingum eins og annað. Krakkar eru minna úti að leika sér. Ég veit ekki hvort þessar breytingar eru allar til góðs. Þessi sjálfsprottna leikjagleði sem einkenndi okkur er horfin að miklu leyti. Borgarsamfélagið hefur breyst að þessu leyti bæði í Vesturbænum og annars staðar.”

Frá Fóstruskóla Sumargjafar til háskólamenntunar

Elín Mjöll hefur helgað börnum líf sitt ef svo má segja. Nám hennar og starf hefur snúist um uppeldismál og starfsemi leikskóla. En af hverju valdi hún sér þann vettvang. “Ég var alltaf mikið fyrir að vera með börn. Ég passaði oft þegar ég var krakki og unglingur. Ég man ekki hvenær ég tók ákvörðun um að læra leikskólafræði og fara

að starfa sem leikskólakennari og stjórnandi. Ég er úr síðasta árganginum sem innritaðist í Fóstruskóla Sumargjafar en það eru 70 ár síðan fyrsti árgangurinn útskrifaðist þaðan. Meðan ég var í náminu tók ríkið rekstur skólans að sér og Fóstruskóli Íslands varð til. Ég útskrifaðist úr Fóstruskólanum árið 1975 og fór síðar í framhaldsnám sem ég lauk 1998 þegar námið var komið á háskólastig. Þegar ég hóf nám í Fóstruskóla Sumargjafar var skólinn til húsa niður við Tjörn í húsnæði sem var í eigu Búnaðarfélagsins og lónaðarmanna. Þar deildi hann húsnæði með Leikfélagi Reykjavíkur. Það var ákveðin sjarmi yfir þessu húsnæði en þó háttaði þannig til að það skiptist í tvennt og þurfti að fara út til þess að fara á milli þar sem eldveggur skildi rýmin að. Á þessum tíma var Vilhjálmur Hjálmarsson frá Brekku menntamálaráðherra og var þessi útigangur nýttur til þess að þrýsta á um að skólinn fengi betra húsnæði. Valborg Sigurðardóttir sem þá var skólastjóri náði í Vilhjálmm og fór með hann enda á milli og sýndi honum aðstöðuna. Skólinn var fluttur upp í Skipholt og síðar inn á Laugalæk.”

Var heppin að kynnst frumkvöðlunum

Elín Mjöll tók við Dvergasteini sem nýjum leikskóla fyrir 20 árum og fyrir sjö árum voru Dvergasteinn og Drafnarborg sameinuð Drafnarsteini. Drafnarborg er fyrsti leikskólinn sem var byggður á vegum Reykjavíkurborgar og tók til starfa 1950. Þá varð Bryndís Zoega leikskólastjóri og stýrði skólanum til 1992 að hún lét af störfum. Bryndís var sérstæður og eftirminnilegur persónuleiki. En kynntist Elín Mjöll henni. “Já - ég var svo heppin að kynnst henni og fleirum frumkvöðlum í leikskólamálum og síðar Bergi Felixsyni sem var lengi yfirmaður

leikskóla Reykjavíkurborgar. Ég lít á það sem ákveðin forréttindi að hafa átt kost á að vinna með frumkvöðlunum – þeim sem vörðuðu leiðina til dagsins í dag. Leið sem er mjög löng og um margt athyglisverð.”

Miklar breytingar – mikið þróunarstarf

Elín Mjöll segir leikskólana hafa breyst mikið frá því hún byrjaði að vinna. “Þegar ég kom til starfa sama ár og kvennafrídagurinn var haldinn voru leikskólarnir tvísetnir. Einn hópur var fyrir hádegi og annar síðdegis. Heilsdagsleikskólar voru ekki starfandi en dagheimili sem tóku börn í heilsdagsvistun. Til að fá pláss fyrir börn þar urðu foreldrar annað hvort að vera námsfólk, einstæðir eða eiga í félagslegum erfiðleikum. Hefðbundnir giftir foreldrar áttu ekki aðgang að heilsdagspláss fyrir börn sín. Það er ekki fyrr en um tveimur áratugum eftir að ég kom til starfa að þetta fór að breytast þegar tekin var ákvörðun um að einsetja leikskólana. Með lögum frá 1994 voru leikskólarnir gerðir að fyrsta skólastigi en án skólaskyldu. Með þeirri breytingu hófs mikið þróunarstarf. Leikskólinn varð raunverulegur hluti af menntakerfinu og heyrði undir menntamálaráðuneytið en þeir höfðu áður heyrð undir félagsmálaráðuneytið. Þá var fremur lítið á leikskólastarf sem félagsmál og stuðning við foreldra.”

Að nota leikinn sem efni við til kennslu

Elín Mjöll segir að nokkru áður og um svipað leyti hafi verið opnaðir nýir menntunarmöguleikar fyrir leikskólakennara. “Boðið var upp á fyrsta framhaldsnámið 1984 en áður þurfti fólk að fara erlendis ef það vildi bæta við sig námi og nú er námið komið á háskólastig. Þessar breytingar og þróun hefur leitt til þess að leikskólarnir eru orðnir meiri menntastofnanir en áður. Þetta hefur skilað sér í breyttu umhverfi þeirra og bættri menntun kennara þar sem áhersla er lögð á að nota leikinn sem efni við til kennslu. Nú er markmiðið að tengja leik- og grunnskóla betur og mynda meiri samfellu og heildstætt skólastig.”

Samstarf við Rúmeníu

Leikskólinn Dvergasteinn og síðar Drafnarsteinn tóku þátt í tveimur Comniasarverkefnum. “Fyrra verkefnið 2008 með samstarfi við flæmsku og frönsku Belgíu ásamt Ungverjalandi. Verkefnið sem kallaðist “Puppets with a mission” gekk út á að senda brúður sem fulltrúa sinn, sem fóru í skiptinám á milli landa. Brúðurnar heimsóttu skóla og kenndu börnum og fullorðnum meðal annars söngva, orð og að telja á tungumáli sínu. Einnig fylgdu þessu gagnkvæmar heimsóknir kennara og tókum við tvisvar á móti hópi í þessu verkefni. Árið 2011 hófum við síðan nýtt verkefni, sem að vissu leiti var framhald af hinu fyrra en að þessu sinni með Belgíu, Hollandi, Spáni, Portúgal, Tyrklandi, Litháen og Rúmeníu.



Fjölskyldan á skírardegi Elínar Mjallar. Sigríður móðir hennar með hana í fanginu. Jóhannes bróðir hennar og Jónas faðir hennar



Elín Mjöll að útskrifa Örnu Sigríði Ólafsdóttur frænku mína úr leikskóla.

Verkefni þetta "Puppets with a green mission" og byggir á fyrra verkefninu en snerist meira um umhverfismennt. Í framhaldi af þessum verkefnum höfum við áfram átt tengsl við Belgíu, Litháen og Rúmeníu."

Menntakerfi okkar vakti athygli í Rúmeníu

Elín Mjöll segir að menntakerfi okkar hafi vakið mikla athygli í Rúmeníu. Í framhaldi af því fengum við tvisvar heimsókn



Gratiela Mesteriuc leikskólastjóri á heimavelli í Patrauti í Rúmeníu. Hún hefur komið þrisvar hingað til lands.

kennara frá þeim og haustið 2016 var mér ásamt tveim kennurum Drafnarsteins boðið til Rúmeníu í heimsókn til Patrauti sem er í norðaustur Rúmeníu. Þetta er hluti af samstarfsverkefni Rúmeníu og Íslands um áskoranir við að kenna nýsköpun í leikskólum og var styrkt af EEA Grants og Norway Grants. Patrauti er í nágrenni við hina fornu borg Suceava. Í skólunum sem við heimsóttum voru 156 börn í sex bekkjum og einn kennari er með 26 börn í hverjum bekk. Þarna fóru við aðeins aftur í tímann frá því sem er hér því grunnskólinn er tvísetinn og leikskólinn hálfur dagur. Patrauti er fátækur bær á okkar mælikvarða og hluti íbúanna Romafólk. Engu að síður er mikið

hugsjónastarf unnið. Þarna eru aðrar hefðir og önnur sjónarmið og erfitt getur verið að fá foreldra til að koma með börn í skólann og eins er erfitt að fá nægilega fjármuni til skólastarfsins."Elín Mjöll segir gott að kynnast ólíku umhverfi og sömu sögu sé að segja um Rúmensku leikskólakennarana sem hafa komið hingað og fylgst með skólastarfinu á Drafnarsteini. Ein þeirra er Gratiela Mesteriuc sem hefur heimsótt Íslands þrisvar í tengslum við Comeniusar verkefni og Erasmus samstarf. "Hún mótaði verkefnið sem unnið var að. Það sem að sögn heillaði hana í leikskólastarfi hér á Íslandi er hvernig námið fer fram í gengum leikinn og hafði hún mikinn áhuga á að fá

okkur til sín að kynna það starf. Í heimsókn okkar til Rúmeníu setti hún upp ráðstefnu með ýmsum framámönnum þar sem kynning á íslenska menntakerfinu, vakti mikla athygli."

Gott frí og svo tek ég mér eitthvað fyrir hendur

En nú er Elín Mjöll að hætta eftir allan þennan tíma með börnum. Hvað tekur við. "Já ég hætti í haust eftir 43 ár í starfi. Ég er á 95 ára reglunni svonefndu sem byggir á samanlögðum líf- og starfsaldri og næ því marki núna. Ég hef hugsað mér að hætta á meðan ég er enn dálítið spræk. Það nóg þúður í mér og ég fer örugglega að gera eitthvað annað. Hvað það verður er ekki ákveðið en þetta hefur verið afskaplega ánægjulegur starfsvettvangur þar sem ég hef haft tækifæri til þess að vinna með frábæru fólki. Ég ætla að byrja á að taka mér gott frí og sjá svo til hvað ég tek mér fyrir hendur. Nei – ég ætla ekki að flytja. Ég held mig við Hagamelinn. Er búin að vera þar svo lengi og fáir búnir að vera þar lengur en ég."

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

BIFREIÐASKOÐUN

Vissir þú að við skoðum bíla á Grandanum?

Þar skoðum við flestar tegundir ökutækja þ.m.t. ferðavagna og húsbíla

Verið velkomin í skoðunarstöð Frumherja að Hólmaslóð 2, Granda.



Frumherji

www.frumherji.is



Upplýsingaskilti um hvali og sjónauki til að skoða þá



Myndin er af hvalaskiltinu.

Upplýsingaskilti um hvali sem sjá má í Faxaflóa hefur verið komið upp við Eiðsgranda. Í sjónauka er hægt að svipast um eftir þeim í flóanum. Sjónaukinn var kosinn af Vesturbæingum í íbúakosningunum Hverfið mitt. Hvalaskiltið er hins vegar eitt af fjölmörgum upplýsingaskiltum um lífríkið sem er að finna víðs vegar í borgarlandinu.

Halldóra tekur við Drafnarsteini



Börn að leik á Drafnarsteini.

Halldóra Guðmundsdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Drafnarsteini í Vesturbæ. Halldóra lauk B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1999 og hefur lokið 30 ECTS í meistaranámi í stjórnun menntastofnana við Háskóla Íslands. Halldóra hefur starfað sem leikskólakennari í tvö ár, sem deildarstjóri í níu ár, sem leikskólastjóri í eitt ár og sem aðstoðarleikskólastjóri í Drafnarsteini frá 2011, eða í sjö ár. Hún hefur því víðtæka reynslu af starfi og stjórnun leikskóla. Hún tekur við leikskólastjórastöðunni 1. september þegar Elín Mjöll Jónasdóttir lætur af störfum eftir áratuga starf.

Ljósmyndasýning um Reykjavík 1918

Ljósmyndasýningin Reykjavík 1918 stendur nú yfir í bakhúsi við Aðalstræti 10. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands og er styrkt af afmælisnefnd viðburðarins. Höfundur texta sýningarinnar er skáldið Sjón og kemst hann svo að orði um viðfangsefni sýningarinnar: „Er maður hugsar til fólksins sem lifði árið 1918 þykir manni ótrúlegt að það hafi haft tíma til þess að lifa svokölluðu venjulegu lífi, það hljóti að hafa verið of önnum kafið að takast á við hina sögulegu viðburði til þess að elska, vinna, dreyma og þjást. En líkt og við sjálf - sem einnig þykjumst lifa viðburðaríka tíma - átti það sér sína daglegu tilveru, í sinni litlu en ört vaxandi Reykjavík, og um það bera ljósmyndirnar á þessari sýningu vitni.“



Ein ljósmyndanna á sýningunni en hún sýnir þrjá menn standa á jarnbrautarteinunum sem lagðir voru úr Öskjuhlíð að Reykjavíkurhöfn til þess að flytja grjót til byggingar hafnarinnar.

Minjaslóð – smáforrit um sögu Reykjavíkurhafnar

Minjastofnun hefur í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur og Faxaflóahafnir, gefið út nýtt smáforrit í byrjun sumars sem kallast Minjaslóð og var opnað 2. júní sl. á Hátíð hafsins en var einnig liður í dagskrá 100 ára fullveldisafmælis Íslands og Menningararfsárs Evrópu. Forritinu er ætlað að miðla sögu Reykjavíkurhafnar til almennings á aðgengilegan og áhugaverðan hátt. Svæðið sem forritið nær yfir er frá Granda, austur yfir Miðbakka og út að Ingólfsgarði við Hörpu. Forritið var unnið af Mjastofnun Íslands, Faxaflóahöfnum og Borgarsögusafni Reykjavíkur með styrk frá afmælisnefnd 100 ára fullveldis Íslands. Forritið er hannað af hugbúnaðar-fyrirtækinu Locatify. Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur, sá að mestu um textasmíð og Þorsteinn Gunnarsson leikari og arkitekt las textann upp af sinni alkunnu snilld. Forritið skiptist í tvo hluta. Annars vegar Minjaslóð þar sem finna má fimmtán upplýsingapunkta á hafnarsvæðinu sem segja sögu hafnarinnar og mannvirkja hennar en hins vegar Minjaleit sem er fjársjóðsleit fyrir yngri kynslóðina þar sem unnið er með sögu hafnarinnar. Þátttakendur svara spurningum og taka myndir af kennileitum við höfnina, safna þannig stigum og komast á endapunkt. Er það von aðstandenda Minjaslóðar að almenningur verði duglegur að notfæra sér forritið, bæði við höfnina en einnig heima. Minjaleit virkar eingöngu á hafnarsvæðinu, og byrjar leitin við Sjóminjasafnið, en Minjaslóð er hægt að virkja bæði á hafnarsvæðinu og heima í sófa, eða hvar sem er. Minjaslóð er aðgengileg fyrir Apple og Android í App/Play store.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra að opna forritið formlega á Hátíð hafsins þann 2. júní sl.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Hús kínverska sendiráðsins grotnar niður

- nágrannar á Melunum orðnir órólegir yfir sinnuleysi Kínverjanna

Hús Kínverska sendiráðsins við Víðimel 29 hefur staðið autt um árabíl eða allt frá því að sendiráðið flutti í nýtt húsnæði við Bríetartún 1 árið 2012. Á þessum tíma hefur ekkert viðhald farið fram á húsinu og það grotnað hratt niður. Í júlí mánuði árið 2013 fyrir fimm árum var húsið auglýst til sölu á vegum Fasteignamarkaðarins og sagði Jón Guðmundsson fasteignasali í blaðaviðtali að húsið væri á eftirsóttum stað og fallett í sinni upprunalegu mynd og kvaðst búast við að það myndi seljast fljótlega.

Húsið seldist hins vegar ekki og engar skýringar hafa fengist af hverju það gerðist ekki. Kom ekki nægilega hagstætt verðtilboð í húsið að mati kínverjanna eða var eitthvað annað sem kom í veg fyrir sölu þess. Húsið er alls 724,5 fermetrar að stærð og skráð sem fjölbýlishús en þar eru fimm búðir og bílskúr. Húsið var byggt árið 1946.

Ástand hússins versnar stöðugt og það virðist orðið óíbúðarhæft með öllu. Ljóst er að mikið verk er að koma húsinu í nothæft ástand ef það er þá hægt. Engar upplýsingar hafa fengist um hverjar fyrirætlanir Kínverja eru með húsið eða hvort þær eru einhverjar. Engu líkara er en að húsið hafi gleymst í einhverju kerfi stórbjóðarinnar og engin sé tilbær um að taka ákvörðun um framtíð þess.

Nágrannar órólegir

Íbúar í nágrenni hússins á Melunum eru að vonum óánægðir með að hafa þessa hryggðarmynd af húsi við bæjardyr sínar og hafa nokkrir orðið til þess að hafa samband við Vesturbæjarblaðið af þeim sökum. Ein þeirra er Guðný Jónasdóttir sem býr í næsta nágrenni við Reynimel 28. Hún segir í bréfi sínu að engin starfsemi hafi verið í húsinu í sjö ár og engin hafi búið þar þann tíma. En gefum Guðnýju orðið. “Húsið var áður fyrr eitt af glæsilegustu og vönduðustu húsum Reykjavíkur ásamt húsinu sem stendur við hlið þess og þau kölluð "kanslarahallirnar". Tekið skal fram að húsið við hliðina er til fyrirmyndar hvað varðar viðhald og umhirðu. Nú er umrætt hús Kínverjanna orðið stórfellt lýti á Vesturbænum.” Guðný bendir á að í þau sjö ár sem húsið hafi staðið autt hafa birst greinar og athugasemdir um það í blöðum og sjónvarpi t.d. Morgunblaðinu og Stöð 2 en engin viðbrögð og allra síst umbætur hafa komið frá Kínverska sendiráðinu. Og Guðný heldur áfram. “Þó slæmt útlit hússins og garðsins stingi mjög í augu hér í Vesturbænum nefni ég það einnig að síðastliðinn vetur varð mikill vatnsleki inni í húsinu og stóðu kínverskir starfsmenn við opna glugga á efri hæð og jusu vatninu í skálum og kerjum út um gluggana út í garðinn. Ýmislegt bendir því til þess að húsið sé gjörónýtt að innan vegna vanhirðu.”



Glæsihús á eftirsóttum stað í Vesturbænum hefur ekki verið í notkun frá árinu 2012 og grotnað niður. Nú virðist húsið óíbúðarhæft með öllu og mikið verk mun vera að koma því í nýtanlegt ástand.



Bakhlið húss Kínverska sendiráðsins við Víðimel 29. Gardínur og strimlar hanga fyrir gluggum. Garðurinn er í órækt og skemmdir sjást víða.



Aðalinngangur í húsið. Málað yfir glugga og skilti sem segir til um vegabréfsáritanir er enn á hurðinni sex árum eftir að starfsemi sendiráðsins var flutt úr húsinu.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá góða næturhvíld?

20% AFSLÁTTUR Í JÚLÍ



ICEHERBS

NATURA ISLANDICA

sofðu rótt

Hrein MAGNOLIA með fjallagrösum

NÁTTÚRULEG OG GÓÐ SLÖKUN



Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum Hagkaupum, Nettó og Frihöfninni Keflavíkurflugvelli.

www.iceherbs.is

Margt ánægjulegt að gerast í Vesturbænum

“Það er margt ánægjulegt að gerast hér í Vesturbænum,” sagði Gísli Marteinn sjónvarps- og fjölmiðlamaður þegar Vesturbæjarblaðið tilliti sér með honum á Kaffi Vest á dögunum. “Við getum byrjað á Birkimelnum. Þar er nú að ljúka framkvæmdum sem lengi hafa verið nauðsynlegar. Gamla gangstéttin var brotin og beinlínis hættuleg bæði gangandi og hjólandi fólki og hún var líka allt of mjó í ljósi þess að fjöldi barna og ungmenna úr eldri hluta Vesturbæjarins norðan Hringbrautar fer um Birkimelinn á leið sinni í Hagaskóla. Þetta er bein leið frá þeim eina stað sem unnt er að fara yfir Hringbrautina á gangbrautarljósum á móts við Birkimel. Búið var að óska eftir þessum framkvæmdum nokkrum sinnum í kosningum íbúa um nauðsynlegar framkvæmdir en þar sem þær voru nokkuð kostnaðarsamar var látið hjá líða að hefjast handa. En að lokum var ákveðið að fara í verkefni sem er vel. Það kom mér nokkuð á óvart að gerðar væru tvær þrengingar á götunni eru þær við stoppistöðvar Strætó og hugsaðar til þess að ekki yrði hægt að taka framúr vögnunum á meðan þeir væru að taka upp farþega og setja út. Það vildi brenna við að börn hlypu fram fyrir vagnana og sáu þá ekki hvort bílar væru að aka fram hjá og þarna urðu slys. Ég fæ ekki séð að þetta hefti umferð um Birkimelinn.”

Önnur umferðargata í Vesturbænum hefur oft verið til umræðu á meðal Vesturbæinga og annarra sem leið eiga um þennan borgarhluta. Það er Hofsvallagata. Gísli Marteinn segist búa á Melhaganum og halda sig mikið á horninu á Melhaga og Hofsvallagötu. “Þetta er alveg



Gísli Marteinn Baldursson segir svæðið þar sem Hofsvallagata og Hagamelur mætast vera að fá yfir sig ákveðin borgarblæ þar sem þjónusta og mannlíf fara saman.

á mínum slóðum svo ég fylgist nokkuð vel með. Þar er skemmst frá því að segja að breytingarnar sem gerðar voru um árið og voru nokkuð umdeildar hafa heppnast vel. Þetta voru aðferðir til bráðabirgða því láta átti reyna á hvernig þær myndu verða í framkvæmd. Niðurstaðan er alveg hrein. Það hægði mikið á umferðinni án þess að tafir sköpuðust þannig að kappaksturtextinn hans Ómars Ragnarssonar þar sem segir “Hofsvallagötu hentist ég í heljar rykmekki” á ekki lengur við.”

Breiðari en þjóðvegur 1

Gísli Marteinn segir að Hofsvallagatan hafi í upphafi verið hönnuð sem tveggja akreina gata sem liggja átti að mislægum gatnamótum við Hringbraut. Þannig var gamla skipulagið frá sjöunda áratugnum. Allt átti að snúast um einkabílinn sem þá var að halda innreið sína af fullum þunga í Reykjavík. Hofsvallagatan er breiðari en þjóðvegur 1 svo furðulegt sem það er. Þetta þýddi að menn óku hratt og oft tveir bílar hlið við hlið. Gatan var erfið

yfirferðar fyrir gangandi fólk og skar byggðina í tvennt. En málið er að þetta er aðeins hálfnað verk. Eftir er að endurgerða syðri hlutann. Frá Hagmelnum og niður á Ægissíðu. Svona götur virka þannig á öikumenn að þeir meðtaka þær eins og ákveðin skilaboð. Ef maður fylgist með umferðinni þá sést greinilega hvernig öikumenn gefa vel í þegar þeir eru komnir fram hjá Melabúðinni. Þessi gamla hugsun um að byggja jafnvel fjögurra akreina hraðbrautir inn í íbúðahverfum er eitthvað sem engir íbúar vilja lengur sjá og þær skapa umtalsverða hættu. Ég sé oft og veit líka sem faðir í hverfinu að þegar krakkar eru að fara í skólasund í Vesturbæjarlauginu þá eru þau að sæta lagi og skjótast yfir götuna og bílarnir koma á miklum hraða. Mér finnst oft hafa legið við stórslysi og við megum vera ánægð með hve heppin við erum að ekkert mjög alvarlegt hefur orðið. Það er algerlega tímabært að ljúka þessari framkvæmd og þrengja Hofsvallagötuna suður úr alveg suður á Ægissíðu.”

Hofsvallagatan er borgargata en ekki hraðbraut

Annað dæmi um þá hugsun sem var ríkjandi þegar Hofsvallagatan var hönnuð er afreinin inn á Ægisíðuna. Hún er hönnuð eins og hraðbraut. Er víð og enginn vandi að taka beygjuna á mikilli ferð. Eins er með gatnamótin við Neshaga. Það er líka hönnun miðuð við hraðbraut. Ástæðan fyrir því að götum á borð við Reynimel og Grenimel var lokað í vesturátt á sínum tíma er sú að hleypa ekki umferð inn á hraðbrautina Hofsvallagötu og tefja umferð bíla um hana eða skapa hættu af innakstri. Mér finnst með ólíkindum að enn sé til fólk, jafnvel inn í borgarstjórn, sem sér þetta ekki og er að hamast á móti lífsnauðsynlegum breytingum. Hofsvallagatan er borgargata í hefðbundnum skilning en ekki hraðbraut. Þetta ætti hver maður að geta séð. Ég hitti engan sem ekki er niðurgrafin í þessar skotgrafir sem vill hverfa til fyrri

tíma á Hofsvallagötunni enda sýna talningar að umferð um íbúðagötur hefur ekki aukist eins og haldið var fram þegar farið var í þessar framkvæmdir.”

Borgarblær á Hagamelnum

Gísli Marteinn vikur að svæðinu þar sem Hofsvallagata og Hagamelur mætast. Hann segir það vera að fá yfir sig ákveðin borgarblæ þar sem þjónusta og mannlíf fara saman. “Hér eru nokkrir þjónustuaðilar og það er að myndast torg á milli þeirra. Þetta eru Melabúðin, Brauð og Co, Kaffi Vest, bráðum nýr Hagavagn og svo auðvitað sundlaugin. Við gripum til þess ráðs nokkrir sem eigum hagsmuna að gæta hér á þessu svæði að setja upp stóran sjónvarpsskjá á sundlaugartúninu og sýna þá leiki frá heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem íslenska liði tók þátt í. Og það fylltist allt af fólki – jafnvel þótt veðrið hefði mátt vera betra. Þetta er dæmi um mannlíf sem er að skapast hér í Vesturbænum og getur þrífist og dafnað ef það er ekki skorið í sundur af hraðbraut þar sem bílar streyma hjá á 60 til 70 kílómetra hraða.” Gísli Marteinn segir að þótt ótrúlegt megi virðist þá njóti hugmyndin um samgönguás eða borgarlinu víðtækari stuðnings í Vesturbænum en víða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Vesturbærinn liggur næst miðborginni – nær en önnur byggðarlög en þetta sé dæmi um breyttan hugsunarhátt þegar kemur að ferðavenjum fólks. “Margir Vesturbæingar hafa sett sig inn í málin og þessi hugsunarháttur á eftir að fara víðar,” segir hann.

Frábær tækifæri fyrir Vesturbæinn

Gísli Marteinn minnst á nýju byggðina á Skerjafirði. “Ég held að þarna séu frábær tækifæri fyrir Vesturbæinn. Parna á að rísa íbúðir fyrir námsfólk og einnig leiguíbúðir sem eiga að seljast á viðráðanlegu verði. Það vantar íbúðir hér eins og annars staðar í borginni og það eru ýmis dæmi um að verið sé að breyta aukarými í húsum og jafnvel bílskúrum í íbúðir. Þetta er ekki sérstakt fyrirbæri hér á landi. Þetta er til dæmis kallað “granny flats” í Bretlandi og um daginn var seldur bílskúr sem breytt hafi verið í íbúð hér í Vesturbænum á 40 milljónir.”

KR og Valur farin að ræða saman um Vatnsmýrina

Gísli Marteinn segir að nú sé farin af stað umræða á milli KR og Vals hvernig Vatnsmýrin mun skiptast á milli þessara ípróttafélaga. Þarna sé stórt verkefni á ferðinni. Félögin starfi sitt til hvorrar handar og mætist á miðri leið. Því sé mikilvægt að þarna geti skapast góð samvinna. “Í skipulagi Vatnsmýrarinnar er gert ráð fyrir grænum garði sem nær úr Skerjafirði, meðfram flugbrautinni og sameinast friðlandinu í Vatnsmýrinni og tengist síðan Tjörninni og Hljómskálagarðinum og alla leið fram hjá á Bernhöftstorfundi og út að sjó. Þetta er framtíðarmúsik en fellur vel að hugmyndum um græna borg og væna til útivistar. Það verður ánægjulegt að sjá hvernig tengingar Vesturbæjarins við hina nýju byggð til austurs þróast.”

Laugarnar í Reykjavík

Fyrir líkama og sál


- Fyrir alla fjölskylduna
- Í þínu hverfi
- Frá morgni til kvölds

Ekkert gerst á tveimur bygg- ingarreitum í meira en ár

Fyrir meira en ári voru hugmyndir um að hefja uppbyggingu á tveimur byggingarreitum í Vesturbænum – við Hringbraut og við Tryggvagötu vestan Héðinshússins. Samkvæmt skipulagstillögum var gert ráð fyrir hótellbyggingum á báðum svæðum auk íbúða og þjónusturýma. Nú meira en ári síðar hefur ekkert gerst á þessum svæðum.

Fyrir meira en ári voru auglýstar breytingar á deiliskipulagi svo nefnds Byko-reits við vesturenda Hringbrautar gegnt JL húsinu. Samkvæmt deiliskipulaginu var gert ráð fyrir að byggðar yrðu 70 íbúðir á 3.250 fermetrum í tveggja til fjögurra hæða byggingum. Á 4.300 fermetra rými var síðan ætlunin að byggja hótell og gert ráð fyrir að verslun og þjónusta yrði á um 450 fermetra svæði en heildarbyggingamagn á reitnum yrði alls um 15.700 fermetrar.

Um svipað leyti var birt frétt um fyrirhugaða byggingu hótels og íbúða á lóðinni við Vesturgötu 64 en það er hinn óbyggði hluti Héðinsreitsins vestan Héðinshússins. Í fasteignaskrá á þeim tíma var félagið Tryggvagata skráð fyrir lóðum á reit sem afmarkast af Tryggvagötu, Vesturgötu og Norðurstíg. Að baki Tryggvagötu voru félögin Festir og Laxamýri samkvæmt fyrirtækjaskrá Creditinfo.



Myndin sýnir umfang fyrirhugaðrar byggðar. Hæstu húsin verða næst Hringbrautinni.

Teikning/Plúsarkitektar



Byggingasvæði vestan við Héðinshúsið.



**Skráningar í
fermingarfræðslu
í Neskirkju
veturinn 2018 til 2019
eru hafnar á slóðinni
neskirkja.is**



Gleðilegt síðsumar!



FLOTHETTAN DÝPKAR FRÍIÐ

FLOTHETTAN er framúrskarandi íslensk hönnun sem færir okkur djúpa slökun og velliðan í vatni. Farðu dýpra inn á við fríinu. Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



LÍFRÆNN SAMFESTINGUR

Nýtt jógafermerki á Íslandi. Ripple Yoga framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag og margt annað.



HAFRAGRAUTUR DELUXE

Hafragrauturinn okkar er engu líkur. Lúxusútgáfan er í uppáhaldi margra sem njóta hans daglega. Lífrænn, spíraður og glútenlaus, eins og hafragrautur á að vera. Prófaðu villtan aðalbláberjalatte með.



KRISTLASVATNS- FLÖSKUR

Gæða vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Nokkrar tegundir.



FATNAÐUR BySirrý

Sirrý er ein af okkar fremstu textilhönnuðum. Falleg hönnun hennar fæst í Systrasamlaginu.

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

Hof og ÁS

Tvö söguleg hús í Vesturbænum

Á fyrsta áratug liðinnar aldar voru tvö hús reist á auðu svæði þar sem nú mæstast Sólvallagata og Hofsvallagata í Vesturbæ Reykjavíkur. Húsin voru bæði byggð af prestum og fengu heitin Hof og Ás. Hof eða Sólvallagata 25 var reist af séra Lárusi Halldórssyni fríkirkjupresti en Ás eða Sólvallagata 23 var byggt af tengdasyni hans séra Sigurbirni Ástvaldi Gíslasyni sem jafnan var kenndur við það sem Sigurbjörn í Ási. Báðir létu þeir húsin heita eftir æskuheimilum sínum, Séra Lárus Halldórsson var ættaður frá Hofi í Vopnafirði en séra Sigurbjörn Ástvaldur ólst upp að Neðra-Ási í Hjaltadal í Skagafirði.

Arkitektinn að Hofi er Rögnvaldur Ólafsson sem var fyrsti íslenski arkitektinn og ráðunautur landsstjórnarinnar um húsagerð á árunum frá 1904 til 1917. Rögnvaldur teiknaði ýmsar þekktar byggingar þar á meðal Vífilstaðahælið, Þjóðkirkjuna í Hafnarfirði, Húsavíkurkirkju og Pósthúsið í Pósthússtræti svo nokkurra verka hans séu getið. Upphaf þessarar tveggja húsa í Vesturbænum má rekja til þess að sumarið 1906 fékk séra Lárus leyfi til að byggja hús á Meltúni eins og svæðið var kallað á þeim tíma með því skilyrði að því fylgdi eitt þúsund ferálna lóð. Þetta svæði var þá næstum óbyggt og stóðu húsin Hof og ÁS í fyrstu ein þar sem kallað var “á Melnum” en norðan þess eru byggingarnar í Landakoti, Landakotskirkja, Landakotsskóli og stórhýsið þar sem St. Jósefsspítallinn eða Landakotsspítali var til skamms tíma. Hof er einlyft með risi. Þrjú íbúðarherbergi voru í húsinu en fjögur í risinu. Byggt var við húsið 1954 og notað tímbur til byggingarinnar.

Gripahús og slægjur ekki langt frá

Ás eða Sólvallagata 23 var einnig byggt 1906 af séra Sigurbirni Ástvaldi Gíslasyni, tengdasyni séra Lárusar Halldórssonar. Í júlí það ár var Sigurbirni Ástvaldi úthlutað 875 ferálna lóð úr Melstúni og leyft að byggja hús á lóðinni en það skilyrði fylgdi að lóðinni yrði breytt í byggingarlóð. Fyrsta brunavirðing á húsinu var gerð 24. nóvember 1906 er húsið var í smíðum. Þar segir að séra Sigurbjörn Ástvaldur hafi byggt einlyft hús með porti og risi á lóð sinni á Melnum. Bæði húsin eru byggð af bindingi, klædd utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir. Með járnþaki á plægðri borðasúð og pappa í milli. Árið 1907 seldi séra Lárus Sigurbirni Á. Gíslasyni, 875 ferálna stykki úr lóð sinni á Melnum til viðbótar lóð þeirri sem séra Sigurbirni Ástvaldi hafði verið úthlutað árinu áður. Gripahús með áfasteri hlöðu voru skammt frá. Þar voru

um tíma kýr, kindur, geitur og hænsni. Sæmilega gott beitiland og slægjur var í næsta nágrenni suður á Melum.

Hof selt úr ættinni 1986

Séra Lárus Halldórsson bjó aðeins um eitt ár í Hofi því hann lést löngu fyrir aldur fram árið 1908 en ekkja hans Kristín Pétursdóttir bjó áfram í húsinu ásamt börnum sínum. Leigði hún vinum og kunningjum hluta hússins í nokkur ár en þau voru flest úr þeirri kirkjusókn er maður hennar hafði þjónað. Eftir að Kristín féll frá bjó Pétur sonur hennar í húsinu og síðar Einar sonur hans. Hof var í eigu sömu ættar allt til 1986 að húsið var selt hjónunum Hrafnhildi Óskarsdóttur og Jónasi Sigfússyni. Á þeim tíma þarfnaðist það viðhalds og hófust þau handa um margvíslegar endurbætur á því. Einkum var kjallara hússins breytt og setti Hrafnhildur þar upp postulínsverslun.

Hafði áhuga á líknarmálum og stóð fyrir stofnun Grundar

Byggingu Áss var lokið í febrúar 1907. Í lýsingu segir að Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason cand. theol. hafi fullgjört íbúðarhús sitt. Árið 1910 eru taldir til heimilis í Ási: séra Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason, kona hans Guðrún Lárusdóttir, og börn þeirra sem þá voru fædd. Er manntal var tekið árið 1910 bjó einnig í húsinu fólk utan af landi, sem ýmist leigði hjá þeim hjónum eða fékk að vera þar um lengri eða skemmri tíma - flest af því var skólafolk. Séra Sigurbjörn Ástvaldur varð stúdent í Reykjavík 1897 og Cand. theol. frá Prestaskólanum 16. júní 1900. Að guðfræðinámi loknu stundaði hann nám um nokkurt skeið í Noregi, Danmörku og Svíþjóð á árunum 1900 til 1901. Hann fór nokkuð víða ef miðað er við ferðir Íslendinga á þessum árum, var meðal annars boðsgestur íslenska kirkjufélagsins lúterska vestanhafs sumarið 1918, fór til Gyðingalands 1951 og ferð til Miðjarðarhafslanda. Hann kynnti sér trúmálastörf og ekki síður líknarmál og hann heimsótti margar líknarstofnanir á þessum ferðalögum. Áhugi hans á líknarmálum kom snemma fram í verkum hans en hann er einn af helstu stofnendum Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar við Hringbraut sem enn er starfrækt af miklum krafti, við Hringbrautina, í Mörkinni og í Hveragerði.

Öflug félagsmálakona forst í bílslysi

Séra Sigurbjörn Ástvaldur var kvæntur Guðrúnu Lárusdóttur, dóttir séra Lárusar Halldórssonar fríkirkjuprests í Reykjavík þess sem byggði húsið Hof, næsta hús við Ás. Guðrún var alþingismaður, hún sat í bæjarstjórn, var fátækrafulltrúi

og þekkt fyrir ritstörf og kom ritsafn hennar út í fjórum bindum árið 1949. Hún veitti bindindismálum stuðning og sinni trúmálum og líknarstörfum af áhuga og alúð auk þess að vera einn helsti oddviti kvenna í ýmsum málum. Hún ferðaðist nokkuð víða. Sat meðal annars norrænt barnaverndarþing í Kaupmannahöfn og trúboðsþing í Friðriksstað 1936 og í Kolding nokkrum árum áður svo nokkurs sé getið. Þeim séra Sigurbirni Ástvaldi varð 10 barna auðið. Guðrún lét lífið í bílslysi við brú á Tungufljóti þar sem hún var á ferð með eiginmanni sínum og tveimur dætrum þeirra þeim Guðrúnu Valgerði og Sigrúnu Kristínu og einkabílstjóra þegar bílinn fór út af veginum og í ána. Bílstjórinn og Sigurbjörn björguðust en dætur hennar druknuðu með henni. Þetta var eitt fyrsta alvarlega bílslysið sem átti sér stað á Íslandi. Eftir þetta flutti dóttir þeirra Kristín Lára Sigurbjörnsdóttir og maður hennar, Ásgeir Einarsson dýralæknir, sem var sjötti Íslendingurinn sem lærði dýralækningar í húsið til séra Sigurbjörns Ástvaldar. Þau keyptu það af erfingjunum, systkinum Kristínar Láru árið 1968 eftir lát föður þeirra en hann bjó alla tíð í húsinu.

Mikið félagslíf í Ási

Í viðtalið við Vesturbæjarblaðið á síðasta ári lýsti Guðrún Lára Ásgeirsdóttir, dóttir Kristínar Láru og Ásgeirs dýralæknis heimilislífínu í Ási. Hún segir afa sinn hafa verið líka mjög virkan á sínu sviði á meðan hans naut við. Oft hafi hann verið að útvega guðfræðingum bækur erlendis frá til að víkka sjóndeildarhring þeirra og margir komið sem áttu erindi við hann um hin ýmsu mál. Guðrún Lára sem er elsta dóttirin í systkinahópnum og var oft sett í að búa til kaffi fyrir afa sinn og gesti hans og færa þeim inn á kontór til hans. Kristín Lára fetaði nokkuð í fótspor móður sinnar. Hún var lengi formaður Kvenréttindafélagsins og ritstjóri 19. júní. Guðrún Lára segir að mikið líf og félagsstarfsemi hafi einkennt æskuheimilið í Ási. Átta manns voru í heimili, hjónin Kristín Lára og Ásgeir ásamt fimm börnum þeirra og svo séra Sigurbjörn Ástvaldur. Guðrún Lára minnst þess að sem barn hafi hún oft tritlað með afa sínum út á Grund en hann var þar heimilisprestur.

Gísli á Grund alltaf önnum kafinn, snoturlega klæddur og vel klipptur

Gísli Sigurbjörnsson sonur séra Sigurbjörns Ástvaldar tók við rekstri Grundar þegar hann var 27 ára gamall og stýrði honum til æviloka 1994 en hann var aðeins 15 ára þegar heimilið var stofnað. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson rithöfundur minnst Gísla á þessa leið. “Hann virtist alltaf vera önnum kafinn. Hann hefur aldrei



Ás eins og húsið lítur út í dag. Viðbyggingin snýr út að Sólvallagötu.



Hof eins og húsið lítur út í dag séð frá Hofsvallagötu.



Fjölskyldan í Ási á góðviðrisdegi sumarið 1935.

bragðar áfengi og aldrei neytt tóbaks Hann hefur því aldrei eytt tíma sínum í slíkt. Hann er mjög snoturlega klæddur, aldrei neitt fis á honum, alltaf vel klipptur og eins og nýkominn frá rakara, og hann er klipptur að þýskum sið. Í skrifstofu hans er allt eins, allt í röð og reglu, engin laus blöð á skrifborðinu og þó fara þúsundir skjala um hendur hans. Hann hefur svo mörg áhugamál, að ómögulegt er að fylgjast með þeim öllum eða telja þau upp hér. Hann stundar fjármál af kappi. Er umboðsmaður erlendra fjármálamanna, útvegar lán, útvegar tilboð um stórframkvæmdir. Hann

dreymir glæsta drauma um Hveragerði.” Göturnar Hofsvallagata og Sólvallagata draga heiti sín af þessum fyrstu húsum á Meltúninu og þar liggja einnig rætur Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Heimildir: Húsin í bænum. Freyja Jónsdóttir. Hof 1906 til 2006. Bjarki Þór Jónsson. Menn sem ég mætti. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. Vesturbæjarblaðið. Guðrún Lára Ásgeirsdóttir. Greinar. Mbl. Gardur.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX

AIRCIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Umferð þrengt um Lækjargötu vegna hótélbyggingar



Á kortinu má sjá hvernig umferð verður háttad um Lækjargötu og Vónarstræti á næstunni.

Umferð um Lækjargötu hefur verið þrengt á milli Skólaláti og Vónarstrætis og fer umferðin nú eftir Lækjargötu um eystri akbraut. Er þetta gert vegna framkvæmda við byggingu hótels á hornlóðinni þar sem Íslandsbanki var áður. Ný umferðarljós hafa verið sett upp á gatnamótum Lækjargötu og Vónarstrætis vegna þessara framkvæmda.

Í frétt frá Reykjavíkurborg segir að fyrirkomulag á umferðarljósum í Vónarstræti sé óhefðbundið þar sem ljósin séu nokkuð innarlega í götunni. Það sé gert vegna þess að einungis ein akrein liggja framhjá framkvæmdasvæðinu og því mikilvægt að að öllum virði það að stöðva við rauða ljósið. Ef það er ekki gert skapast umferðarhnútur á gatnamótunum sem heftir leið umferðar frá Lækjargötu. Einungis strætisvögnum verður heimilt að aka vestur Vónarstræti. Allri annarri umferð að Vónarstræti er beint um Skólaláti. Gert er ráð fyrir að umferðin verði með þessum hætti næstu tvö árin.

101

REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

www.101.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Listasafn Reykjavíkur eignast listasafn Nínu Tryggvadóttir

Reykjavíkurborg hefur þegið að gjöf listaverkasafn Nínu Tryggvadóttir. Það eru erfingjar Nínu, Una Dóra Copley dóttir hennar og Scott Jeffries eiginmaður hennar sem standa að baki gjöfinni. Um er að ræða vel á annað þúsund listaverk eftir Nínu Tryggvadóttur, Al Copley og nokkur listaverk eftir samtímamenn þeirra.

Borgarráð samþykkt viljayfirlýsingu á milli Reykjavíkurborgar og hjónanna Unu Dóru Copley og Scott Jeffries um að sett verði á fót listasafn sem beri nafn Nínu Tryggvadóttur. Auk þess felur viljayfirlýsingin í sér að Una Dóra og Scott arfleiða Reykjavíkurborg að fasteignum sínum á Manhattan og í Reykjavík. Sett verður á fót safn sem verður sjálfstæð stofnun innan listasafnsins og bera mun nafn Nínu.



Við undirritun viljayfirlýsingarinnar á heimili hjónanna Unu Dóru Copley og Scott Jeffries á Manhattan í New York. Frá vinstri. Sigurður Björn Blöndal fráfari formaður borgarráðs, Una Dóra Copley og Scott Jeffries. Listamaðurinn Hrafnhildur Arnardóttir (Shoplifter) stendur á bakvið. Myndin á veggnum í baksýn er eftir Nínu Tryggvadóttur.

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK

Opið alla daga 9-22

www.bikecave.is • Erum á Facebook

Sími: 770-3113



Jacek er reiðhjólaviðgerðarmaður
Bike Cave - hann kemur frá Þýskalandi og
er snillingur með sérþekkingu á öllu sem
við kemur reiðhjólum og reiðhjólasmíði.

Tímarpantanir í síma 788-7616 eða 770-3113.

Hringdu strax og þú færð góða og skjóta
þjónustu á viðráðanlegu verði.

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376

Opanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374

Opanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384

Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339

Opanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331

Opanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Flatvagnar

Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Chido opnar á Ægisíðunni



Þarna verður hinn nýi veitingastaður til húsa. Í þessu húsi var sjoppa og ísbúð til margra ára en síðar veitingastaðurinn Borðið sem hafði fermur skamma viðdvöl og var síðan lokað.

Gert er ráð fyrir að mexíkóskur veitingastaður Chido opni á Ægisíðunni í lok sumars þar sem boðið verður upp á háklassa skyndibita. Það eru Guðmundur Óskar Pálsson og Helgi Kristinn Halldórsson sem standa að hinum nýja stað. Þeir reka þrjá staði af sama tagi í Danmörku en þetta verður sá fyrsti hér á landi. Vigdís Ingibjörg Pálsdóttir systir Guðmundar mun sjá um rekstur staðarins hér á landi. Gert er ráð fyrir að sambærilegum veitingum og í Danmörku en þar sem um stærra pláss er að ræða á Ægisíðu en veitingastaðirnir hafa afnot af ytra gera stofnendurnir ráð fyrir að um einhverjar nýjungar verði að ræða sem Dönum hafa ekki boðist í heimalandinu en markmiðið er að bjóða gæðavöru á góðu verði.

Samstarfshópur um bætta samgöngur á Vatnsmýrarsvæðinu Miklabraut í stökk, sérrými fyrir Strætó og Borgarlína fyrir 2025

Samstarfshópur um bætta samgöngur á Vatnsmýrarsvæðinu leggur til að strax verði hafin undirbúningsvinna að byggingu vegstokks við Miklubraut frá Snorrabraut og austur fyrir Kringluna og samhliða verði unnið að greiningu á Öskjuhlíðargöngum. Hópurinn leggur til að Strætó ferðist í sérrými á leiðum sínum að og frá Vatnsmýrinni svo almenningssamgöngur verði greiðari á svæðinu. Þá hvetur hópurinn til þess að uppbyggingu Borgarlínu eða sambærilegum úrbótum á innviðum almenningssamgangna í nágrenni Vatnsmýrar verði að fullu lokið fyrir árið 2025. Samstarfshópurinn hóf störf haustið 2017 hefur nú skilað drögum að skýrslu sem kynnt hefur verið fyrir borgarráði. Í hópnum áttu sæti fulltrúar Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík



BSÍ húsið í Vatnsmýrinni. Þar á að rísa samgöngumiðstöð.

og Landsspítalans. Hópurinn hafði það verkefni að skilgreina sameiginleg úrlausnarefni sem tengjast samgöngum á svæðinu. Hópurinn telur að ólíklegt að ráðist verði bæði í lagningu stokksins og Öskjuhlíðarganga meðan ekki er komin íbúðabygging í Vatnsmýrinni í stað flugvallarins en báðum þessum framkvæmdum er ætlað að léttu á umferð um sömu götur, Miklubraut, Kringlumýrarbraut og

Bústaðaveg. Öskjuhlíðargöng eiga að léttu á umferð af Kringlumýrarbraut, Miklubraut og Bústaðavegi

Hraðað verði byggingu brúar á milli Vatnsmýrar og Kársness

Starfshópurinn leggur sérstaka áherslu á að hraðað verði uppbyggingu brúar milli Vatnsmýrar og Kársness fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi ásamt tengingum fyrir þessa ferðamáta suður fyrir flugbrautarenda. Einnig verði byggðar sér reinar fyrir almenningssamgöngur milli brúar og Hringbrautar til að fullnýta ávinning nýrrar tengingar milli Kársness og miðborgar. Einnig verði hugað að því að greiða fyrir umferð gangandi og hjólandi að svæðinu með bættu stígakerfi fyrir báða ferðamáta. Áætlað er að einstakar ferðir á svæðinu, gangandi, hjólandi, strætó- og bílferðir séu tæp 26 þúsund á sólarhring og 60% þeirra séu tilkomin vegna háskólanna og Landsspítalans háskólasjúkrahúss. Ráðgert er að ferðirnar um svæðið verði orðnar 45.000 árið 2025 vegna fjölgunar starfa og íbúa í nýju hverfi sem rís við Hlíðarenda. Í niðurstöðum starfshópsins segir að til að koma til móts við þá fjölgun verði strax að ráðast í minni aðgerðir til að bæta umferðarflæði á svæðinu. Lokið verði úrbótum á umferðarljósaþyrpingu á Bústaðavegi og Miklubraut. Þá er til skoðunar að bæta við akrein af Bústaðavegi inn á Kringlumýrarbraut til að bæta umferðarflæði. Mælt er til þess að þessum framkvæmdum sé lokið 2020.

ÍS RÖR.




Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍS RÖR.



Nýtt hjá ÍSRÖR

Bjóðum nú kaldavatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Líklega besta verðið

HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda


Myndabæklingur sem sýnir eflingu Miðborgarinnar

Efling miðborgar Reykjavíkur hefur verið forgangsatriði í skipulagsstefnu borgarinnar síðastliðna áratugi. Misvel hefur þó tekist til í gegnum tíðina. Það er ekkert launungarmál að miðborginni hnignaði á margvíslegan hátt um áratugaskeið. Það skeið hófst með fækkun íbúa og starfa og í byrjun þessarar aldar missti miðborgin að nokkru stöðu sína sem helsti kjarni smásöluverslunar á höfuðborgarsvæðinu.

Í kynningartexta segir að á síðustu árum hefur orðið verulegur umsnúningur á fyrri þróun og má segja að miðborgin sé nú að taka stakkaskiptum. Óhætt megi segja að þessi misserin sé eitt mesta uppbyggingarskeið í sögu hennar og fyrst nú sé verið að ljúka uppbyggingu samkvæmt skipulagi miðborgarinnar sem hefur verið viðfangsefni borgaryfirvalda í hátt í 90 ár. Bent er á að tímabil hinnar miklu aukningar byggingarmagns sé hins vegar senn liðið. Byggt hafi verið í jöðrunum, búið að tengja höfn og miðborg á ný og fylla í stærstu götin í götumyndinni þar sem áður voru bílastæðabreiður. Í kynningartextanum segir að ein ástæða þessara umskipta sé hinn nýi atvinnuvegur borgarinnar, ferðaþjónustan, sem einkum finnur sinn vettvang á miðborgarsvæðinu. Aðgerðir borgaryfirvalda á undanförunum árum eru einnig lykilþáttur þess að aukinn kraftur hefur færst í uppbyggingu miðborgarinnar og eflingu mannlífs, menningar og verslunar.

Í bæklingnum eru gefin nokkur sýnishorn af þeim umbótum sem hafa átt sér stað á síðustu árum í hinu byggða umhverfi

Miðborgin



miðborgarinnar. Eldri myndirnar eru frá árunum 2001 til 2017 en þær nýrri voru teknar haustið 2017 og á vormánuðum 2018.

Bæklinginn má finna á slóðinni. https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/rvk_fyrir-eftr_screen.pdf



Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is

GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi



Eiðistorgi, 2 hæð.
--- kvikmyndagerð --- klippivinnsla ---
--- 2d/3d grafík ---



Ljósmyndastofa Erlings
Silla og Erling
552-0624
erling.is



www.mundo.is



skjamynd.is - fjarskipthandbokin.is

Sigurbjörg Hulda til starfa á Fótaaðgerðarstofu Seltjarnarness

Sigurbjörg Hulda Guðjónsdóttir fótaaðgerðafræðingur hóf störf á Fótaaðgerðastofu Seltjarnarness í júní og starfar þar nú ásamt Margréti Jónsdóttir sem er annar stofnandi stofunnar. Fótaaðgerðastofan hefur starfað á Seltjarnarnesi í tæpa tvo áratugi og er staðsett á Austurströnd 8. Boðið er upp á alla almenna meðferð við fótameinum auk þess sem fótaaðgerðafræðingar stofunnar hafa sérhæft sig í meðferð við inngrónum nöglum og hlífðarmeðferð af ýmsu tagi. “Fótamein eru fjölbreytt og eru skjólstæðingar stofunnar á öllum aldri, frá börnum til aldraðra og hefur ungum körlum fjölgað mikið á seinni árum enda er fótaaðgerð heilbrigðisþjónusta sem allir geta þurft á að halda. Nú fara hlauparar að búa sig undir langhlaup í Reykjavíkurmaraþoninu og fleiri langhlaupum og er þá grundvallaratriði að hafa fæturna í sem bestu ásigkomulagi,” segir í frétt frá Fótaaðgerðastofunni.



Komin út hjá Bókaútgáfunni Hólum Gamansögur af íslenskum sjómönnum

Út var að koma hjá Bókaútgáfunni Hólum í Breiðholti bókinn Laggó! Gamansögur af íslenskum sjómönnum í samantekt Guðjóns Inga Eiríkssonar. Þar koma margir snillingar við sögu og verður hér gripið niður í bókina – og auðvitað byrjað á hinum eina og sanna Lása kokki.

Lási var nokkuð lengi kokkur á björgunar- og gæsluskipinu Sæbjörgu. Eitt sinn átti hann í löngum samræðum við stýrimanninn þar og fóru þær fram á þilfarinu. Þegar spjalli þeirra lauk náði forvitinn háseti að króa Lása af og spyrja hvað þeim hefði farið á milli, honum og stýrimanninum. Lási var skjóttur til svars og sagði:

„Góði besti, hann talaði svo mikið að ég lét það út um annað en inn um hitt.“

Strokk úr hljóði


Eitt sinn var Sæbjörgin búin að vera lengi úti á sjó og farið að minnka um mat. Var smjórið meira að segja nánast á þrotum. Lási sagði stýrimanninum hvernig komið væri og bætti síðan við:

„Og þá held ég að heyrist nú strokk úr hljóði þegar smjórið er búíð.“

Þekki þig ekki fyrir annan mann

Einu sinni kom afgreiðslumaður frá olíufélagi um borð í Sæbjörgu og þáði kaffi aftur í borðsal með vélstjóranum og nokkrum öðrum. Allt í einu kemur Lási þangað inn og segir um leið og hann kemur auga á afgreiðslumanninn:

„Þú hefur breyst svo mikið síðan ég sá þig síðast að ég þekki þig ekki fyrir annan mann.“



Frí til að vera veikur

Þegar Lási var á Sæbjörgu langaði hann einhverju sinni óskaplega mikið í frí. Fór svo að hann gekk á fund forstjóra Landhelgisgæslunnar og bað um það með þessum orðum: „Get ég fengið frí til að vera veikur í fjóra daga?“

Dráttur með Gauja

Lási hafði yndi af því að dansa og sótti dansleiki af miklum móð. Eitt sinn fóru þeir Sæbjargarmenn á dansleik á Siglufirði. Ef dimmt var úti þurfti Lási iðulega á fylgd

annarra að halda sökum þess hversu náttblindur hann var og þannig var einmitt ástatt að loknu ballinu á þessari vetrarnótt. Það kom venjulega í hlut fyrsta vélstjóra að vera stoð hans og stytta í þessum efnum og þegar þeir voru komnir skammt frá danshúsinu segir Lási:

„Helvítis vitleysa er það nú annars að fara um borð núna, Gauri minn. Bara að fá sér kerlingu.“

„Þetta er allt í lagi,“ segir fyrsti vélstjórinn. „Ég skal fylgja þér að dyrunum ef þú veist hvar hún býr.“

Í sama mund er kallað úr strákahópi hinum megin götunnar:

„Ætlaðu ekki að fá þér drátt, Lási?“

„Jú,“ svaraði Lási, „ég var nú einmitt að nefna það við hann Gauja minn.“

Bókin fæst í öllum betri bókabúðum en einnig er hægt að panta hana hjá Bókaútgáfunni Hólum á netfanginu holar@holabok.isog í síma 692-8508.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999

S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Systrasamlagið

Netverslun:
systrasamlagid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Margrét Á. Guðjónsd.

Kristín Ingólfssdóttir

Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

westfalia

AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímapantanir hjá söluaðilum um land allt.

Söluaðilar Motormax:

Toyota Kaupúni Kaupúni 6 Garðabæ Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 603 Akureyri Sími 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 260 Reykjanesbær Sími 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 800 Selfossi Sími 480-8000	TOPPBÍLAR Kletthálsi 2 110 Reykjavík Sími 587-2000	Kaupfélag Skagfirðinga Ártorgi 1 550 Sauðárkrúkur Sími 455-4500
---	--	---	--	--	---

Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040

Emil Barja til liðs við KR

- Björn Kristjánsson framlengdi



Emil Barja er genginn í raðir KR frá Haukum. Samningur Emils við KR er til tveggja ára en hann var kynntur til leiks á fjölmiðlafundi hjá KR fyrir skömmu.

Við sama tilefni var tilkynnt að Björn Kristjánsson hefur

endurnýjað samning sinn við liðið um tvö ár en hann kom til liðsins á ný fyrir síðasta tímabil og var hluti af liðinu sem lyfti fimmta Íslandsmeistaratitlinum í röð. Hann var með 10,4 stig að meðaltali með KR á síðustu leiktíð. Einnig var tilkynnt að

Hjalti Þór Vilhjálmsson taki við sem aðstoðarþjálfari Inga Þórs með meistaraflokk kvenna auk þess að þjálfa yngri flokka félagsins. Hjalti þjálfaði Þór Akureyri á síðustu leiktíð en er uppalinn hjá Fjölni þar sem hann lék og þjálfaði í mörg ár.

Ellert Kristján í drengjalandslíðið

Ellert Kristján Georgsson úr KR var valinn í drengjalandslíðið 16 til 18 ára í borðtennis sem tók þátt í EM unglunga í Cluj Napoca í Rúmeníu þann 15. til 24. júlí.

Auk Ellerts skipuðu liðið þeir Birgir Ívarsson, BH; Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi og Magnús Gauti Úlfarsson, BH. KR-ingurinn Hannes Guðrúnarson, alþjóðadómari dæmdi á mótinu en þetta er í fyrsta skipti sem hann dæmir sem alþjóðadómari erlendis.



Handboltaskóli KR í ágúst

Handboltaskóli KR verður í ágúst og eru byrjendur sérstaklega hvattir til að mæta. Hópnum verður skipt upp eftir reynslu þannig að allir eiga að geta fengið verkefni við hæfi.

Fyrri námskeiðið mun standa yfir frá 7. til 10. ágúst og kostar fjögur þúsund krónur. Hið síðara verður frá 13. til 17. ágúst og kostar fimm þúsund krónur. Alfreð Örn Finnsson verður umsjónarmaður námskeiðsins ásamt þjálfurum. Skráning fer fram í Nora kerfinu á kr.felog.is



www.kr.is

KR-SÍÐAN



RAFLÚNA

ALHLIÐA RAFVERKTAKAR

Tökum að okkur alla alhliða rafverktöku – Stór sem smá verk



Rúnar Kristjánsson
rafvirkjameistari

Sími 617 1111
runarfjeldsted@gmail.com



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

FYRIRTAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Kjötkompaní

GRILLUM

&

NYÓTUM



Hafnarfjörði & Granda

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)